

Opið hús 13. mars 2010

að Hólshrauni 5 í Hafnarfirði (iðnaðarbil beint fyrir aftan Fjarðarkaup) kl. 10 til 12

Teikningar fyrir tréskurð verður meginþemað. Félagið mun sýna teikningar sem hægt er að fá afrit af gegn vægu gjaldi.

Heitt á könnunni og meðlæti. Sjáumst öll hress og kát.

Félagi góður!

Nú líður að vorsýningu.

Ákveð hefur verið að heiðursýnandi verði Hannes Flosason.

Félagar eru hvattir til að koma einnig með sín eigin verk.

Nánar verður fjallað um vorsýninguna í tölvupósti, sms-skilaboðum, á heimasíðu félagsins og með næsta Brýni.

Árgjald félagsins

Margir félagar hafa brugðist strax við og greitt árgjaldið sem þakkað er fyrir. Aðrir hafa hinkrað með það og þessi ábending er ætluð þeim.

Þeim sem eiga ennþá eftir að greiða árgjaldið er bent á upplýsingar hér fyrir neðan.

Kr. 2.000,- Kt. 520496-2549 Banki 315-26-549

Settu síðan kennitöluna þína í athugasemd greiðslunnar.



Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð

Pósthólf nr. 6, 270 Mosfellsbæ

Netfang: silo@mmedia.is

Heimasíða: <http://www.listalind.is/treskurdurjgsson>

Brýni

*Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
3. töl. 15. árgangur 2010*

Frá formanni

Á síðastliðnum aðalfundi var sérstaklega fjallað um vinnuteikningar og aðgang félagsmanna að þeim. Núna er stjórn félagsins að bregðast að nokkru við því með opnu húsi þar sem teikningar fyrir tréskurð verða í öndvegi.

Formaður hefur verið að kalla eftir teikningum frá félagsmönnum og hafa þar orðið nokkrar eftirtekjur. Teikningarnar sem safnað hefur verið munu liggja frammi til skoðunar og félagsmenn geta fengið þær gegn vægu gjaldi. Fyrirkomulagið er þannig að teikning eða teikningar eru valdar, númer þeirra skráð og afrit þeirra er sent til félagsmanna. Gjaldið er kr. 250 fyrir eintakið. Verðið er þannig samansett að 100 krónur er hugsað fyrir þann sem teiknar, 100 fyrir ljósritun og 50 krónur sem renna til félagsins. Teikningarnar eru ýmist frumteikningar eða teiknað upp og stílfært. Það er von formanns að þar finnist teikning sem hentar þér, félagi góður. Teikningarnar hafa þó þann varnagla að þær eru ekki hugsaðar til framleiðslu en allt í lagi að nota hana 5-10 sinnum.

Þetta opna hús er það síðasta á þessum starfsvetri því í apríl er fyrirhuguð vorsýning. Stjórn félagsins leitaði til Hannesar Flosasonar um að fá að sýna nokkuð yfirlit verka hans. Hannes hefur verið einskonar guðfaðir tréskurðar á Íslandi allt frá síðasta fjórðungi síðustu aldar og ófáir tréskerar og félagsmenn hafa notið leiðsagnar hans. Þegar þetta Brýni er núna í vinnslu er ekki endanlega ákveðið með sýningarstað en frá því verður greint þegar nær dregur.

Félagsmenn eru hvattir til að leggja einnig fram sín verk þó meginþemað verði Hannesar.

Með bestu kveðjum,
Sigurjón

Teikningar og “uppskriftir” að tréskurði

Teikningar og form eru nauðsynleg forvinna þess að skera í tré. Þessi forvinna er einskönar grunnur að því að átta sig á því sem framundan er.

Staðlaðar teikningar eru oft á tíðum góðar þegar vinna á eitthvað sem þegar hefur verið gert. Slík aðferð er algeng í námi þar sem nemandinn fær í hendur teikningu, efnivið og jafnvel fyrirmynd. Það auðveldar honum tengingu frá teikningu yfir í handverk. Þetta eru bæði gömul og ný sannindi eins og eftirfarandi tilvitnun segir:

“Eins og Albert Wood, þekktur tréskeri, sagði: Eftiröpun er söluvænt bragð. Eitt sinn áttum við tréskera (craftsmenn); en núna eigum við afritara (draftsmen). Það er enginn stíll yfir iðnframleiðslu; en hún er jafnaðarlega góð, nytsamleg og falleg.” (Design and Figure Carving, 1940:3)

Vinnuteikning

Þegar nokkurri færni er náð við tréskurð eftir tilbúnum teikningum getur tréskerinn farið á næsta stig þar sem hann teiknar sjálfur sitt verk. Með nútímataekni er hægt að auðvelda sér sporin með ljósritun, tölvuskönnun og tölvubúnaði. Það er ekkert að því að notfæra sér tækni nútímans til að fella saman, stækka og minnka, sækja stafagerð o.s.frv. Tæknin leysir þó ekki af hólmi hugmyndavinnu sem hverjum og einum er hollt. Tæknin er því einskönar hjálpartæki til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að.

Þegar vinnuteikning er gerð þarf að hafa í huga nokkur atriði.

1. Teikningin þarf að vera með sterkum afmarkandi línum sem sýna útlit og afstöðu einstakra þátta í myndinni.



Pennastandur – hönnun og skurður Björn Bergsson

4. Gæta þarf þess að hlutir, þræðir, stíllar eða línur séu útfærðar þannig að hægt sé að skera eftir þeim. Stíllar mega t.d. ekki vera svo mjóir að hætt sé við að þeir brotni eða laskist við minnstu snertingu.

5. Tréskurðurinn þarf að mynda heild og falla að þeim hlut sem verið er að vinna með og því umhverfi sem honum er ætlað.

6. Ef um nytjahlut er að ræða þarf tréskurðurinn að vera þannig úr garði gerður að hægt sé að nota hlutinn.

2. Rétt er að hafa leiðbeinandi línur sem hjálpa til við útfærslu, t.d. hvort laufblað er beint og flatt eða með vindingi og/eða snúningi.

3. Gott er að skyggja myndina svo hún öðlist meiri dýpt og auðveldi með því alla vinnu og ákvarðanatöku um hvað sé botn og hvað í myndefninu er ofan á öðru og hvað undir.

7. Varast skal að ofhlaða með of miklum tréskurði. Oft er einfaldleikinn betri.

8. Ef um er að ræða tréskurð sem á að þjóna því hlutverki að vera einskönar uppfylling og á ekki að fanga athygli sérstaklega, er endurtekning í mynstri í góðu lagi. Þetta er til að mynda algengt í fleygskurði. En ekkert er verra en myndefni þar sem allt er eins, þar sem línur mynda enga spennu og engar andstæður kallast á. Myndir verða þá flatar og dauðar.

9. Vinnuteikningar þurfa að falla að lögmálum myndbyggingar hvað varðar jafnvægi, hreyfingu, andstæður o.s.frv. Gagnlegt getur því verið að taka nokkur teikinámskeið.

Teikning er mynd þar sem reynt er með línun, skyggingum og öðrum lausnum að ná fram þrívíðri tilfinningu. En blaðið er flatt form og takmarkað að nokkru leyti. Þess vegna hefur stundum verið gripið til þess ráðs að eiga til svipaða eða eins tréskorinn hlut til þess að betur megi skoða og þreifa með fingrum. Það er gott svo langt sem það nær, en málið vandast þegar um eigin hugmynd er að ræða og eigin teikningu. Þá getur verið gott að móta hugmyndina í leir. Í leirnum er unnið út, þ.e. byrjað er innst og bætt utan á. Allaf er hægt að bæta við og skafa burt. Í tréskurði vinnur maður sig inn. Það er alltaf hægt að taka meira, en ekki með góðu móti hægt að bæta við ef tekið hefur verið um of.

Hvar er hægt að nálgast fyrirmyndir eða teikningar

Í ýmsum bókum um tréskurð er að finna teikningar eða myndir sem hægt er að umbreyta. Hægt er með ljósritun og stækkun og/eða skönnun að breyta myndhluta þannig að það henti sem vinnuteikning.

Leiðbeinendur í tréskurði geta einnig átt til teikningar sem hægt er að nálgast. Einnig á félagið okkar safn teikninga sem hægt er að nálgast.

Allar einfaldar teikningar eru einnig nothæfar og er hér t.d. bent á myndskreytingar í bókum og þá sérstaklega í barnabókum. Gott er einnig að skoða bækur um dýr og fugla. Ekki má gleyma litabókum sem ætlaðar eru börnum. Þar er oft að finna mjög góðar og einfaldar teikningar sem hægt er að nýta sér. Það verður þó að hafa í huga að e.t.v. er myndefni þessara bóka ekki það sem tréskerinn er að leita eftir.

Hjálpartæki sem gott er að hafa við teikningar, sirkill, tússpeni, reglustika og/eða vinkill, skruflyantur (einnig er hægt að nota tréflyant), laust blý fyrir sirkil og að lokum strokleður.

Hugmynd sem þú færð og útfærir sem vinnuteikningu og skerð eftir er þó alltaf best því þar fer saman hugmynd, útfærsla, úrlausnir og þitt handverk. (Sigurjón Gunnarsson tók saman)



Hönnun og skurður Bjarni Þór



Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð

Pósthólf nr. 6, 270 Mosfellsbæ

Netfang: silo@mmedia.is

Heimasíða: <http://www.listalind.is/treskurdurrgsson>

